



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Agency

Mánaðarleg samantekt á lyfjaskorti

» Upplýsingarnar um lyf sem á einhverjum tímapunkti voru í skorti síðastliðin mánuð


Ágúst, 2026



Lyf í skorti - áhrif á lyfjanotendur

Í síðastliðnum mánuði voru 449 lyfjapakkkningar í lyfjaskorti, á einhverjum tímapunkti:

- Í **88%** tilvika gátu lyfjanotendur fengið sambærilega lyfjameðferð. Áhrif skorts voru því óveruleg á lyfjameðferðina.
- **9** lyfjapakkkningar voru í skorti þar sem læknir þurfti að breyta lyfjameðferð í aðra álíka lyfjameðferð.
- **8** lyfjapakkkningar voru í skorti þar sem ekkert sambærilegt lyf eða álíka lyfjameðferð var fáanleg.
- **25** lyf voru merkt sem sérpöntun/útboðslyf, um er að ræða lyf sem eru að jafnaði ekki til á lager, en heildsala mun panta ef þörf er á. Til dæmis útboðslyf sem eru ekki fyrsta val.



- » Upplýsingar og ráðleggingar eru birtar fyrir hvert lyf í skorti í sérlyfjaskrá og í vefþjónustu fyrir ávísanakerfi lækna.
- » Lyfjastofnun birtir lista yfir allan tilkynntan lyfjaskort á vefsíðu sérlyfjaskrár, lyf.is.


Nánar um skort sem leiðir til þess að læknir þurfti að **breyta lyfjameðferð** í aðra álíka meðferð

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Upphafsdag s. skorts	Fjöldi daga í fyrirvara	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Coversyl Novum 5 mg Filmuhúðuð tafla 90 stk.	C09AA04	27.8.2026	0	31.1.2027	Háþrýstingur, hjartabilun og kransæðasjúkdómur í jafnvægi	- Ástæða skorts er innköllun lyfs úr apótekum - Hægt er að nota önnur úrræði t.d. Enalapril eða Ramipril
Diprosalic Húðlausn 100 ml	D07XC01	31.8.2026	-1	21.9.2026	Bólgujúkdómar í húð einkum þegar hyperkeratosa er áberandi, exem af völdum ofnæmis eða tengt efnum, einnig psoriasis	Ekki er til lyf með sama ATC númer en hægt er að nota aðra stera
Geepenil Vet. 24 g Stungulyfsstofn og leysir, lausn handa nautgripum, svínunum og hestum	QJ01CE01	1.4.2026	-89	15.2.2027	Sýkingar af völdum örvera sem eru næmar fyrir benzýlpenisillíni, hjá nautgripum, svínunum og hestum	Ekki er til lyf með sama ATC númer en svipað lyf á markaði er Mamyzin vet. stl 10.000 a.e.
Hemlibra 150 mg/ ml Stungulyf, lausn 0.4 ml, 0.7 ml og 1 ml	B02BX06	1.6.2026	-3	31.12.2026	Til venjubundinnar fyrirbyggjandi meðferðar gegn blæðingum hjá sjúklingum með dreyrasýki A	Lyfið kom á markað 1. júní 2026, um er að ræða leyfisskylt lyf
Hemlibra 30mg / ml Stungulyf, lausn 1 ml	B02BX06	1.6.2026	-3	31.12.2026	Til venjubundinnar fyrirbyggjandi meðferðar gegn blæðingum hjá sjúklingum með dreyrasýki A	Lyfið kom á markað 1. júní 2026, um er að ræða leyfisskylt lyf
Nuvaxovid Stungulyf, dreifa 5 ml	J07BN04	6.7.2026	0	1.8.2026	COVID-19 bóluefni	Lyfið hefur ekki selst og fór af markaði 1. ágúst 2026
Zaditen 0,25 mg/ml Augndropar, lausn í stakskammtailáti 0,4 ml 60 stakskammtailát	S01GX08	31.8.2026	-1	28.10.2026	Við einkennum árstiðabundinnar ofnæmistárubólgu	- Lyfið er til á knappfyrningalager með fyrningu 31.12.2026 - Einnig er hægt að nota aðra ofnæmisaugndropa t.d. Livostin

Ekkert sambærilegt lyf er/var fáanlegt

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Upphafsd. skorts	Áætluð lokadags. skorts	Fjöldi daga í fyrirvara	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Corsodyl 10 mg/g Munnholshlaup 50 g Túpa	A01AB03	28.5.2026	27.8.2026	15	Til sóttthreinsunar fyrir og eftir munn- og tannaðgerðir. Tímabundin meðferð við munnbólgu af völdum gervitanna	• Lyfið er lausasölulyf • Ekkert annað markaðssett lyf í sama lyfjaflokki er fáanlegt • Ýmis munnskol eru fáanleg
Etópósíð Accord 20 mg/ml Innrennslisþykkni, lausn 25 ml	L01CB01	28.8.2026	15.9.2026	7	Til meðferðar við krabbameini í eistum, smáfrumukrabbameini í lungum, Hodgkins eitlaæxli, önnur eitlaæxli en af Hodgkins gerð, brátt kynningahvítblæði, fellibelgsvefjaþunganir og krabbameini í eggjastokkum	• Sending er væntanleg 8. september 2026
Lonsurf 15 mg/6,14 mg Filmuhúðuð tafla 60 stk.	L01BC59	6.8.2026	21.8.2026	0	Til meðferðar við magakrabbameini og krabbameini í ristli eða endaþarmi	• Lyfið er lítið notað, skorturinn ætti ekki að hafa áhrif á lyfjanotendur
Shingrix Stungulyfsstofn og dreifa	J07BK03	16.7.2026	4.8.2026	3	Shingrix er ætlað til forvarnar gegn ristli og taugahvoti sem fylgikvilla ristils	• Lyfið kom á markað 1. júní 2026, ástæða skorts er óvænt aukin eftirspurn
Shingrix Stungulyfsstofn og dreifa	J07BK03	10.8.2026	24.8.2026	14	Shingrix er ætlað til forvarnar gegn ristli og taugahvoti sem fylgikvilla ristils	• Lyfið kom á markað 1. júní 2026, ástæða skorts er óvænt aukin eftirspurn.
Tavneos 10 mg Hart hylki 180 stk.	L04AJ05	31.8.2026	31.8.2026	0	Tavneos, samhliða meðferðaráætlun með rítúxímabi eða cýklófosfamíði er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum sjúklingum með alvarlega, virka hnúðaðabólgu eða smásæja fjölæðabólgu	• Niðurfelling markaðsleyfis • Ráðlagt að skipta sjúklingum á Tavneos yfir á aðrar meðferðir og ekki hefja nýjar meðferðir
Typhim Vi 25 mikróg/0,5 ml Stungulyf, lausn	J07AP03	19.8.2026	27.8.2026	-2	Typhim Vi er ætlað til virkrar ónæmingar gegn taugaveiki af völdum Salmonella enterica serovar typhi, S. Typhi í fullorðnum og börnum 2 ára eða eldri	• Skorturinn er stuttur, ólíklegt er að hann hafi áhrif á lyfjanotendur
Xerodent 28,6/0,25 mg Munnsgostafla 90 stk.	A01AA30	21.8.2026	31.1.2027	63	Meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk	• Apótek selja ýmsar vörur sem vinna gegn munnþurrki

Fyrirvari lyfjaskortstilkynninga



Fyrirvari er mikilvægur svo nægur tími sé fyrir lyfjafyrirtæki að útvega sambærilegt markaðssett lyf eða undanþágulyf. Þannig er hægt að koma í veg fyrir hugsanleg vandræði lyfjanotenda og aukna vinnu fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

60% af lyfjaskortstilkynningum fyrir lyf sem voru í skorti bárust með meira en 8 daga fyrirvara. Það endurspeglast í fjölda tilfella þar sem flokkun á lyfjaskorti er lág (sjá næstu glæru), þar kemur fram að í **76% tilfella** þurftu læknar ekki að breyta lyfjaávísun.

Fjöldi lyfjaskortstílfella þar sem breyta þurfti lyfjaávísun


Litakóðun birtist í ávísanakerfi (Sögu) ásamt ráðleggingum:

Lágt Læknir getur ávísað markaðssetta lyfinu þrátt fyrir skort

því hægt er að breyta lyfjaávísun í apóteki og lyfjameðferð helst óbreytt. Dæmi: Önnur lyf eru í skiptiskrá, til er önnur pakkningastærð, annar styrkleiki eða útskipti í undanþágulyf eftir heimild Lyfjastofnunar

Miðlungs Mat læknis hvort hægt sé að ávísa markaðssetta lyfinu í skorti eða hvort ávísa þurfi öðru lyfi (val á milli lágt eða hátt).

Hátt Krefst ávallt aðgerða af hálfu læknis, ekki hægt að leysa málið í apóteki. Læknir þarf til dæmis að ávísa öðru markaðssettu lyfi, öðru lyfjaformi eða undanþágulyfi.



Heimild lyfjafræðinga til að breyta ávísun læknis í undanþágulyf

- » Lyfjastofnun **getur heimilað lyfjafræðingum í apótekum að breyta ávísun læknis úr markaðssettu lyfi í undanþágulyf** skv. 52. gr. lyfjalaga 100/2020.
 - › Úrræðið er einungis notað í sérstökum tilvikum að undangengnu öryggismati og þegar ljóst þykir að án aðgerða kæmi upp íþyngjandi staða fyrir lyfjanotendur og heilbrigðisstarfsfólk.
 - › Ávinningurinn sá að **dregið er úr neikvæðum áhrifum lyfjaskortsins á lyfjanotendur og heilbrigðiskerfið**. Þá er hægt að ávísa lyfinu sem er í skorti, ekki þarf að ávísa undanþágulyfi beint og hægt að afgreiða lyfjaávísanir á lyfið í skorti sem gefnar hafa verið út rétt áður en skortur hófst.

15

Heimildir voru í gildi þar sem lyfjafræðingar í apótekum geta breytt lyfjaávísun læknis, að baki þeim er fjöldi lyfjaávísana. Frekari upplýsingar um hvaða lyf er að ræða má nálgast í [sérlyfjaskrá/lyf.is](https://serlyfjaskra.lyf.is).